

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þau ríki sem skilgreind eru sem fátækustu þróunarríki heims eru talin upp í viðauka V með lögum þessum.

2. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki sem verður viðauki V og orðast svo:

Samkvæmt skilgreiningu nefndar um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál sem starfar á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun teljast eftirtalin 48 ríki fátækustu þróunarríki heims: Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Burma, Búrkiná Fasó, Búrúndí, Bútan, Djíbútí, Eritrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeyjar, Haítí, Jemen, Kambódía, Kíribatí, Kongó, Kómoreyjar, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveyjar, Malí, Míritanía, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Nepal, Níger, Rúanda, Salómonseyjar, Sambía, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Síerra Leóna, Sómalía, Súdan, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túvalú, Úganda og Vanúatú.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Geir H. Haarde.

31. maí 2001

Nr. 86

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 6. gr. A laganna:

- a. Í stað orðsins „tollí“ í 2. másl. kemur: verð- og/eða magntolli.
- b. Við bætast þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til

staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hvernar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

2. gr.

Viðauki IVB við löginn ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðauki IVB

Vörulýsing	Vöruliðir í tollskrá	Heildartollkvótar í tonnum
Lifandi eða afskorin blóm og plöntur	0601	500
	0602	
	0603	
	0604	
<i>Nýjar eða kældar garð- og gróðurhúsavörur</i>		
Kartöflur	0701	4000
	0710	
Tómatar	0702	500
Laukur	0703	1500
Kál	0704	1100
Salat	0705	1000
Gulrætur, næpur, rófur og aðrar rætur	0706	500
	0707	
Gúrkur	0707	200
Ertur og belgaldin	0708	100
Aðrar matjurtir	0709	800

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.